

# Lýsigögn

## Launavísitala

### 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

1. Efni
2. Tími
3. Áreiðanleiki og öryggismörk
4. Samanburður
5. Aðgangur að upplýsingum

### 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

#### 0.1 Heiti

Launavísitala

#### 0.2 Efnisflokkur

Laun og tekjur

#### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands

Laun, tekjur og menntun

Tölvupóstfang: [laun@hagstofa.is](mailto:laun@hagstofa.is)

Sími: 528 1250

#### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Launavísitala er mánaðarleg verðvísitala sem er reiknuð og birt á grundvelli laga nr. 89/1989. Vísitala fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni hefur verið birt frá janúar 1989. Í frumvarpi með lögnum er kveðið á um að mældar skuli breytingar allra launaþátta en tekið er fram að ekki sé ætlast til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi áhrif á launavísitöluna, nema ef um sé að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga. Við framkvæmd mælinga hefur því verið stuðst við það sjónarmið löggjafans að um sé að ræða verðvísitölu launa, án launakostnaðar, þar sem vinnutíma og samsetningu hópsins sem liggur að baki útreikningum er haldið föstum á milli mælinga til að endurspeglar launaþróun í landinu.

Mánaðarleg sundurliðun launavísitölu er jafnframt birt en með því er Hagstofa Íslands að koma til móts við þarfir notenda um upplýsingar um launaþróun einstakra hópa á íslenskum vinnumarkaði.

Tilurð laga um launavísitölu, nr. 89/1989, má rekja til málefнасamnings stjórnarflokkanna frá september 1988 þar sem gert var ráð fyrir að tekin yrði upp ný lánskjaravísitala sem reist yrði

á launavísitölu auk vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu byggingarkostnaðar. Fyrri lánskjaravísitala frá 1979 byggði að 2/3 hlutum á breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar og að 1/3 hluta á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Þessu var breytt árið 1989 og byggði ný lánskjaravísitala að 1/3 á breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar, 1/3 á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar og 1/3 á breytingu á launum og voru því sett sérstök lög um launavísitölu þar sem Hagstofu Íslands var falið að safna gögnum og reikna slíka vísitölu. Lögum um verðtryggingu var síðan breytt aftur 1995 og frá þeim tíma hefur verðtrygging lána miðast eingöngu við breytingar á vísitölu neysluverðs. Frá þeim tíma hefur launavísitala verið notuð við greiningar á þróun á launum og vinnumarkaði og í einhverjum tilvikum er hún notuð til verðtryggingar í samningum.

## 0.5 Notendur og notkunarsvið

Helstu notendur launavísitölu eru greiningaraðilar, aðilar vinnumarkaðarins, stjórnvöld, einstaklingar, fyrirtæki og innlendir og erlendar stofnanir. Launavísitalan er verðvísitala sem segir til um þróun reglulegs tímakaups á íslenskum vinnumarkaði. Launavísitala byggir á úrtaksrannsókn.

## 0.6 Heimildir

Launavísitala byggir á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands, sem byggir á úrtaki fyrirtækja og sveitarfélaga með 10 eða fleiri starfsmenn. Að auki er safnað upplýsingum í launarannsókn um alla sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins. Í rannsókninni er aflað upplýsinga um laun og launakostnað allra starfa hjá launagreiðendum í úrtaki rannsóknarinnar. Launagreiðendur senda mánaðarlega rafrænar upplýsingar á samræmdu sniði beint úr launakerfi sínu í rannsóknina. Í launarannsókninni er nákvæmra upplýsinga aflað um launagreiðanda, launamann, launagreiðslur, greiddar stundir og annan launakostnað. Gögn eru gæðaprófuð við móttöku, þar sem sannreynt er að þau standist kröfur launarannsóknarinnar. Við framkvæmd launarannsóknarinnar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launakannana í reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Úrtak og vogir launarannsóknar byggja á staðgreiðslugögnum.

## 0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Launavísitala er byggð á [lögum nr. 89/1989](#). Í lögnum er að finna fyrirmæli um að Hagstofan skuli í hverjum mánuði reikna og birta launavísitölu sem byggð er á mældum launabreytingum næstliðins mánaðar. Birting heildarvísitölu byggir á lögum en sundurliðun hennar er ekki bundin í lög en vísitölur fyrir einstaka hópa eru birtar til að mæta þörfum notenda. Um heildarvísitölu og sundurliðun á launavísitölu gilda jafnframt [lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007](#).

## 0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Reynt er að halda svarbyrði rekstrareininga í lágmarki í launarannsókn Hagstofunnar og er gögnum safnað beint úr launakerfum. Það minnkar svarbyrði fyrirtækja og dregur úr líkum á

skekkjum við skráningu. Í upphafi fer sérfræðingur Hagstofunnar yfir tæknileg atriði með starfsmanni, sem launagreiðandi tilnefnir. Launasamsetning rekstrareiningar er skoðuð og launaliðir tengdir færslu rannsóknarinnar þannig að samræmis sé gætt við aðrar rekstrareiningar. Þegar innleiðingarferli er lokið senda rekstrareiningar mánaðarlega skilagrein í formi textaskjals til Hagstofunnar í gegnum vefþjónustu. Ef upp koma álitæfni við vinnslu gagna er haft samband við viðkomandi rekstrareiningu.

## 0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Engin ákvæði eru í gildi vegna EES og ESB. Hins vegar er stuðst við reglugerðir nr. 530/1999 frá 9. mars 1999, nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 og nr. 530/1999 og leiðbeiningar ESB um söfnun launagagna, úrvinnslu þeirra og birtingu niðurstaðna.

## 1. Efni

### 1.1 Efnislýsing

Heildarvísitala launavísitölu er birt 20-24 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur. Grunnur launavísitölunnar er desember 1988 en þá var vísitalan sett á stig 100.

- [Launavísitala frá 1989](#)

Sundurliðun á launavísitölu er birt mánaðarlega 80-85 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur. Birt er sundurliðun eftir launþegahópum, það er fyrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði, starfsmenn sveitarfélaga, ríkisstarfsmenn og opinbera starfsmenn í heild. Einnig er birt sundurliðun fyrir almennan vinnumarkað eftir starfsstéttum annars vegar og atvinnugreinum hins vegar. Grunnur mánaðarlegrar sundurliðunar á launavísitölu er desember 2018, en þá voru vísitölurnar settar á stig 100.

- [Mánaðarleg launavísitala helstu launþegahópa frá 2015](#)
- [Mánaðarleg launavísitala á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt frá 2015](#)
- [Mánaðarleg launavísitala á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein frá 2015](#)

Eldri töflum með ársfjórðungslegu niðurbroti er einnig viðhaldið. Grunnur ársfjórðungs sundurliðunar er meðaltal ársins 2005.

- [Ársfjórðungsleg launavísitala helstu launþegahópa frá 2005](#)
- [Ársfjórðungsleg launavísitala á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt frá 2005](#)

### *Útreikningur launavísitölu*

Launavísitala byggir á (vigtuðum) breytingum reglulegs tímakaups, sem greitt er starfsmanni fyrir fastan vinnutíma, í sama starfi, í sömu atvinnugrein og hjá sama launagreiðanda, á milli tveggja samliggjandi mánaða og er það grunneining vísitölunnar. Í grunni er beitt Törnqvist vísitölu við mat á breytingum milli mánaða ásamt þöruðu úrtaksmódeli þar sem minnsta einingin er margfeldismeðaltal breytinga á reglulegu tímakaupi í ákveðinni starfsstétt og

atvinnugreinabálki. Við útreikning í efra lagi, þar sem grunnliðir eru vegnir saman, er notuð keðjutengd Laspeyres fastgrunnsvísitölu og eru vogir hennar uppfærðar einu sinni á ári. Hver starfstétt og atvinnugreinabálkur fær vog í samræmi við hlutdeild þeirra af greiddum heildarlaunum. Frekari umfjöllun um Vogir er að finna hér að neðan.

#### *Parað úrtaksmódel (e. matched sample model)*

Til að halda gæðabreytingum í lágmarki er stuðst við parað úrtaksmódel í grunni þar sem vegnar eru saman breytingar á reglulegu tímakaupi greitt einstaklingi fyrir fastan vinnutíma, í sama starfi, í sömu atvinnugrein og hjá sama launagreiðanda í tveimur samliggjandi mánuðum. Störf eru fjögurra stafa störf samkvæmt [ÍSTARF95](#) flokkunarkerfinu (byggir á alþjóðlega flokkunarkerfinu ISCO-88) auk stöðutölu sem skilur á milli t.d. iðnlæðra og verkstjóra og annarra starfsmanna sem sinna sama starfi samkvæmt ÍSTARF95. Atvinnugreinar eru fimm stafa atvinnugreinar samkvæmt [ÍSAT2008](#) flokkunarkerfinu (byggir á alþjóðlega flokkunarkerfinu NACE rev. 2).

#### *Þekja*

Launavísitala er byggð á launarannsókn Hagstofunnar sem er úrtaksrannsókn. Í úrtaki launarannsóknar eru eftirfarandi atvinnugreinabálkar: Framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningur og geymsla (H), rekstur gisithúsa og veitingarekstur (I), upplýsingar og fjarskipti (J), eingöngu stór fyrirtæki í deildum 58-61), fjármála- og váttryggingastarfsemi (K), starfsemi arkitekta og verkfræðinga (M, eingöngu deild 71), almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P) og heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q) og menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R). Atvinnugreinar O, P, Q og R byggja eingöngu á opinberum starfsmönnum, það er starfsmönnum ríkisins sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins og starfsmönnum sem fá greidd laun frá sveitarfélögum í úrtaki. Í þeim atvinnugreinadeildum sem úrtak launarannsóknar nær til störfuðu rúmlega 190 þúsund einstaklingar árið 2018 eða um 90% af heildarfjölda á vinnumarkaði. Um það bil 104 þúsund einstaklingar koma að minnsta kosti einu sinni fyrir í gagnasafni launarannsóknar árið 2018. Er það um það bil helmingur þeirra sem voru á vinnumarkaði það ár sé miðað við alla starfandi samkvæmt [skráargögnum](#), óháð stærð fyrirtækja og sjálfstætt starfandi taldir með.

## **1.2 Tölfræðileg hugtök**

### *Regluleg laun*

Í lögum um launavísitölu er ekki skilgreint með nákvæmum hætti hvaða launaliðir skulu teljast hluti heildarlauna fyrir fastan vinnutíma en í framkvæmd hefur vísitölunni verið ætlað það hlutverk að mæla breytingar allra launaliða svo framarlega sem breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi ekki áhrif á verð þeirra. Notast er því við launahugtakið regluleg laun sem inniheldur eftirtalda launaliði sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili hjá launagreiðanda: Grunnlagvinnulaun, vaktaálag, álagsgreiðslur og afkastatengdar bónusgreiðslur.

Yfirvinnugreiðslur eru ekki í reglulegum launum, né óreglulegir launaliðir svo sem ákvæðisgreiðslur, hlunnindi, eingreiðslur og afkastatengdar greiðslur sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili hjá launagreiðanda. Þá eru launategnd gjöld, svo sem greiðslur launagreiðanda í lífeyrissjóð, ekki hluti af reglulegum launum.

### *Þýði*

Þýði launarannsóknar eru allir launamenn sem starfa hjá fyrirtækjum, og sveitarfélögum með 10 eða fleiri starfsmenn og allir launamenn sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins. Við útreikning launavísitölu er stuðst við deiliúrtak launarannsóknar sem nær til allra 18 ára og eldri í launarannsókn. Þýði launavísitölu er allur vinnumarkaðurinn og eru vogir notaðar til að úrtakið endurspegli vinnumarkaðinn í heild. Frekari umfjöllun um Vogir er að finna hér að neðan.

### *Launþegahópar*

Frá árinu 2018 er stuðst við evrópska þjóðhagsreikningastaðalinn ESA 2010 við ákvörðun um skiptingu vinnumarkaðarins í almennan vinnumarkað og opinbera starfsmenn. Opinberir starfsmenn teljast þeir sem vinna hjá hinu opinbera (S.13). Til hins opinbera telst rekstur ríkis og sveitarfélaga sem er undir stjórn þeirra og er rekinn að meiri hluta fyrir skatttekjur. Aðrir teljast þá til almenns vinnumarkaðar, þar með talið fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem rekin eru að meiri hluta fyrir tekjur af sölu á vöru eða þjónustu. Fram til ársins 2017 voru opinberir starfsmenn skilgreindir sem starfsmenn sem fengu greidd laun frá sveitarfélögum og Fjársýslu ríkisins. Aðrir töldust til almenns vinnumarkaðar. Ekki er teljandi munur á þessum skilgreiningum.

Mælingar launavísitölu á almennum vinnumarkaði takmarkast við atvinnugreinabálkana: Framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningur og geymsla (H), rekstur gististaða og veitingarekstur (I), upplýsingar og fjarskipti (J, eingöngu stór fyrirtæki í deildum 58-61), fjármála- og váttryggingarstarfsemi (K) og starfsemi arkitekta og verkfræðinga (M, eingöngu deild 71). Utan við mælingar vísitölu standa því nokkrar atvinnugreinar en sífellt er unnið að innleiðingu nýrra greina í launarannsókn Hagstofunnar.

Mælingar á opinberum starfsmönnum byggja á starfsmönnum sveitarfélaga í úrtaki og öllum starfsmönnum ríkisins sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins og vinna hjá stofnunum sem falla undir hið opinbera (S.13). Þá eru í úrtaki launarannsóknar fyrirtæki sem falla undir hið opinbera, en greiða starfsmönnum sínum laun í gegnum eigið launakerfi. Utan við mælingar vísitölu standa nokkrir hópar sem teljast til hins opinbera og er þar fyrst og fremst um að ræða rekstur ýmissar stoðþjónustu sem er oft á tíðum í eigu fleiri en eins sveitarfélags.

## Vogir

Við útreikninga launavísitölu er stuðst við staðlað kerfi launasummuvoga sem eru reiknaðar fyrir öll lög launavísitölnnar, það er einstaklinga (í sama, starfi, í sömu atvinnugrein og hjá sama atvinnugreiðanda), sellur (sem byggja á starfi og atvinnugrein/samtökum stéttarféлага) og launþegahópa. Grunnskipti eru gerð í upphafi hvers árs og koma til framkvæmda við útreikning launavísitölu eftir fyrsta ársfjórðung.

Launagreiðendavog byggir á úrtakshönnun launarannsóknar. Á almennum vinnumarkaði byggir hún á launasummu í úrtakslagi (atvinnugreinaeild og stærð). Sambærilegri aðferð er beitt við ákvörðun voga sveitarféлага. Allir launagreiðendur sem greiða laun í gegnum Fjársýslu ríkisins fá vog 1 þar sem gögnin eru nálægt því að vera þýðisgögn fyrir starfsmenn ríkisins. Launagreiðendavog er reiknuð árlega.

Vog grunneiningarinnar, það er starfsmanns með fastan vinnutíma, í sama starfi, í sömu atvinnugrein og hjá sama launagreiðanda er samsett úr vog launagreiðandans sem einstaklingurinn vinnur hjá og hlutfalli launa einstaklingsins af heildarlaunum innan hveurrar sellu (starf og atvinnugrein á almennum markaði og samtök stéttarféлага hjá opinberum starfsmönnum) í gögnum launarannsóknar. Þar sem stuðst er við gögn launarannsóknar við ákvörðun voga eru ekki önnur gögn tiltæk til að leggja mat á þýðið. Einstaklingsvogin er reiknuð í hvert sinn sem launavísitalan er reiknuð.

Launasummuvog hveurrar sellu (starfsstétt og atvinnugrein) á almennum markaði byggir á launasummu atvinnugreinar, fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn eru meðtalin, í staðgreiðslugögnum og launasummu starfsstéttar í gögnum launarannsóknar. Hjá opinberum starfsmönnum byggir vog sellunnar (samtök stéttarféлага) á launasummu þeirra í gögnum launarannsóknarinnar. Selluvogirnar eru ákvarðaðar árlega.

Launasummuvog launþegahópa byggir á heildarlaunasummu staðgreiðsluskrár að meðtöldum launagreiðendum með færri en 10 starfsmenn. Vogir eru ákvarðaðar árlega.

Vægi hópa í launavísitölu árið 2019, byggir á staðgreiðslugögnum og gögnum úr launarannsókn árið 2018. Gildi eru námunduð.

Almennur markaður vegur 74,6% af heildarvísitölu:

%	Alls	Stjórnendur	Sérfræðingar	Tæknar	Skrifstofufólk	Afgreiðslufólk	Iðnaðarmenn	Verka fólk
Framleiðsla (C)	22,4	3,5	1,7	2,0	0,8	1,0	3,7	9,7
Veitustarfsemi (D&E)	3,3	0,7	0,8	0,4	0,3	0,1	0,4	0,7
Byggingarstarfsemi (F)	12,5	1,4	1,1	0,7	0,3	0,1	5,1	3,9
Heild- og smásöluverslun (G)	20,8	4,1	2,1	2,5	1,3	8,3	0,7	1,8
Flutningur og geymsla (H)	15,4	1,5	0,9	4,4	1,7	1,9	1,0	4,0
Gististaðir og veitingarekstur (I)	9,5	1,9	0,1	0,2	0,8	4	0,0	2,5

Upplýsingar og fjarskipti (J)	3,2	0,6	1,0	1,1	0,2	0,2	0,1	0,0
Fjármála og váttrygginga- starfsemi (K)	9,6	2,2	3,8	2,5	1	0,1	0,0	0,0
Starfsemi arkitekta og verkfræðinga (M)	3,3	0,6	2,0	0,5	0,2	0,0	0,0	0,0

Vægi opinberra starfsmanna er 25,4% af heildarvísitölu:

%	Alls	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Háskóla- menntaðir utan bandalaga	Önnur stéttar- félög utan bandalaga	Utan stéttar- félaga
Ríki	13,8	4,8	22,9	34,2	7,2	21,7	2,3	6,9
Sveitarfélög	11,5	16,4	28,3	12,7	39,1	1,8	0,3	1,5

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Viðmiðunartími launavísitölu er mánuðurinn næst á undan birtingu vísitölunnar eða 20-24 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur. Til dæmis er launavísitala janúarmánaðar ár hvert birt á bilinu 20.-24. febrúar og byggir á breytingum launa á milli desember og janúar. Sundurliðun á launavísitölu birtist almennt 80-85 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur. Til dæmis er birting á sundurliðun launavísitölu janúarmánaðar á bilinu bilinu 20.-24. apríl og byggir á breytingum launa milli desember og janúar.

### 2.2 Vinnslutími

Vinnslutími er að jafnaði um 20-24 dagar frá því að launagögn byrja að berast Hagstofunni þar til að heildarlaunavísitala er birt. Vinnslutími fyrir sundurliðun á launavísitölu er að jafnaði um 80-85 dagar eftir að viðmiðunartímabili lýkur.

### 2.3 Stundvísi birtingar

Launavísitala er birt klukkan 9:00 á auglýstum birtingardegi samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar. Birtingaráætlun má finna á vef Hagstofu Íslands <https://hagstofa.is/>

### 2.4 Tíðni birtinga

Launavísitalan er birt mánaðarlega á vef Hagstofu Íslands <https://hagstofa.is/>

### 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

#### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Launarannsókn Hagstofu Íslands er úrtaksrannsókn. Úrtakið er lagskipt klasaúrtak þar sem úrtakseiningin er fyrirtæki, sveitarfélag eða stofnun en mælieiningin er launamaður. Þýðið er öll fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir með 10 eða fleiri starfmenn (sjá umfjöllun um Launþegahópar hér að ofan) og byggir úrtaksramminn (sá hópur sem úrtakið er valið úr og ætlað að endurspegla þýðið) á staðgreiðslugögnum. Staðgreiðslugögn Hagstofunnar ná til allra skattskyldra launagreiðslna sem launagreiðandi greiðir launamanni. Úrtaksramminn er endurnýjaður árlega til þess að fanga breytingar á vinnumarkaði, en úrtakið er ekki endurnýjað með reglulegum hætti þar sem fullri þekju er ekki náð.

Við hönnun úrtaks á almennum vinnumarkaði er lagskipt eftir atvinnugreinadeild (tveggja stafa ÍSAT2008) og stærð. Stór fyrirtæki, skilgreind sem þau fyrirtæki með meira en A/m starfsmenn þar sem A er fjöldi starfsmanna í lagi og m er fjöldi fyrirtækja í úrtaki, eru sjálfvalin í úrtak. Öðrum fyrirtækjum er skipt í meðalstór og lítil fyrirtæki og dregið er af handahófi úr hvorum hópi fyrir sig. Sambærileg aðferðafræði er notuð við val á sveitarfélögum í úrtak, nema þá er lagskipt eftir landssvæði og stærð. Allir launamenn launagreiðanda í úrtaki eru þátttakendur í launarannsókninni og má því segja að úrtakslíkur þeirra séu þær sömu og launagreiðandans.

Til að tryggja nákvæmar og réttar upplýsingar um störf og laun í launarannsókn Hagstofu Íslands er leitað beint til fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana og gagna aflað með rafrænum hætti úr hugbúnaði þeirra. Sú aðferð er sú áreiðanlegasta sem völ er á þar sem gögnin berast hrein og milliliðalaust. Áður en þátttaka rekstrareininga í rannsókninni hefst gefa starfsmenn frá Hagstofu Íslands nákvæmar leiðbeiningar við flokkun og tengingar launaliða auk þess sem gætt er að samræmingu flokkunar eins og starfa- og atvinnugreinaflokkun eftir nákvæmum verklagsreglum. Eftir að rekstrareining er komin í regluleg skil heldur endurgjöf áfram ef ástæða þykir.

Stöðluð villu- og gæðapróf eru notuð við vinnslu gagnanna í launavísitölu. Útlagar eru skoðaðir og meðhöndlaðir eftir sérstöku verklagi. Fyrstu og síðustu tvær þær einstaklings, með fastan vinnutíma í sama starfi, í sömu atvinnugrein og hjá sama launagreiðanda, í grunnlagi eru útilokaðir við vinnslu launavísitölu. Þá eru einnig þeir útilokaðir sem fá greiddar færri en 10 dagvinnustundir eða fleiri en 340. Þessar útilokanir eru gerðar þar sem miklar líkur eru á óeðlilegum mælingum á launum við þessar kringumstæður. Stöðugt er unnið að gæðamálum til að auka áreiðanleika vinnslu launavísitölu.

#### 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Áreiðanleiki launavísitölu er háður óvissu vegna mögulegra skekkja. Úrtaksskekkjur (e. sampling errors) stafa af þeirri óvissu sem felst í því að úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd þýðis. Úrtaksskekkjur eru háðar úrtakshönnun, stærð úrtaks og dreifni (e. variance). Skekkjur geta orðið ef galli er í úrtaksramma sem unnin er úr staðgreiðsluskra ríkisskattstjóra s.s. ef



rekstrareiningar eru rangt flokkaðar í atvinnugreinanúmer, rekstrareiningar í blönduðum rekstri teljast einungis til einnar atvinnugreinar, rekstrareiningar vantar í úrtaksramma, rekstrareiningar eru nýjar í rekstri og vantar í úrtaksramma, rekstrareiningar sem hafa hætt rekstri eru í úrtaksramma og rekstrareiningar sem hafa breytt rekstri en eru með gamlar upplýsingar í úrtaksramma. Launavísitalan er líka háð þeim takmörkunum að gögn sem hún byggir á hefur ekki fulla þekju á vinnumarkaði og endurnýjun úrtaks er ekki regluleg.

Aðrir hugsanlegir skekkjuvaldar eru skekkjur sem tengjast verðvísitölum almennt, svo sem vegna gæðabreytinga, áhrif keðjutenginga, reks og lengd líftíma mæleininga. Mat sem gert var í ágúst 2018 bendir til þess að skekkjur vegna reks sé ekki vandamál í tilviki launavísitölu og mat á skekkjum vegna líftíma mæleininga bendir til lítilla áhrifa á undirvísitölur og enn síður á heildarvísitölu. Sjá nánar í [greinagerð um aðferðafræði launavísitölu](#).

### 3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Ekki hafa verið gerðar sérstakar athuganir á umfangi skekkju í launavísitölunni að undanskildum greiningum á reki og líftíma mæleiningar sem greint var frá að ofan. Öryggismörk eru ekki reiknuð.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Launavísitala hvers mánaðar er niðurstaða af mælingum Hagstofunnar á launabreytingum á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Sífelld er unnið að því að auka áreiðanleika vísitölunnar og hefur magn og gæði gagna sem liggja að baki vísitölunni stöðugt aukist á þeim árum sem liðin eru síðan fyrstu mælingar hófust. Í upphafi mælinga var skortur á nægilega ítarlegum og tímanlegum launaupplýsingum til að reikna launavísitöluna. Á því varð veruleg breyting frá og með árinu 2001 þegar byrjað var að notast við gögn úr launarannsókn Hagstofunnar. Samanburður yfir tíma verður að taka mið af þeirri þróun. Þá er sífelld verið að bæta þekju úrtaksins. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit hvenær hópar urðu hluti af gagnasafni launavísitölu eftir að byrjað var að nota samræmd gögn úr launarannsókn Hagstofunnar.

Hópur:	Frá:
Framleiðsla	2001
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	2008
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	2008
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	2001
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	2001
Flutningur og geymsla	2001
Rekstur gististaða og veitingarekstur	2019
Upplýsingar og fjarskipti	2001
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	2005
Starfsemi arkitekta og verkfræðinga	2018
Starfsmenn sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins	2001

Starfsmenn Reykjavíkurborgar	2001
Starfsmenn annarra sveitarfélaga	2001

## 4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Launavísitala sýnir þróun reglulegra launa fyrir íslenskan vinnumarkað frá árinu 1989. Frá árinu 2005 hafa verið birtar upplýsingar um ýmsar sundurliðanir á launavísitölu sem sýnir þróun launa eftir atvinnugrein og starfsstétt á almennum vinnumarkaði auk launaþróunar opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum.

Reglulegt tímakaup sem notað er í launavísitölu er sambærilegt við regluleg laun sem birt er í tölfraði um laun (meðallaun). Gerð þessara mælikvarða er þó ólík, þar sem launavísitölunni er ætlað að mæla breytingu á verði einnar vinnustundar, óháð breytingum á samsetningu á vinnuafli eða vinnutíma á vinnumarkaði. Tölfraði um laun er hins vegar ætlað að fanga þessar breytingar á vinnumarkaði. Ef horfa á til þess hvaða áhrif breytingar á vinnumarkaði hafa á launaþróun ætti að nota tölfraði um laun eða vísitölu heildarlauna sem reiknuð er ársfjórðungslega. Ef markmiðið er hins vegar að mæla breytingar á verði vinnustundar ætti að nota launavísitölu við slíkan samanburð. Sem dæmi þá hefur breyting á framboði á ódýrara vinnuafli áhrif á meðaltal launa og vísitölu heildarlauna, en slík breyting hefur ekki áhrif á launavísitölu.

## 4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Engar bráðabirgðatölur eru birtar. Launavísitala er ekki leiðrétt með afturvirkum hætti en breytingar sem koma í ljós eftir að mælingu á viðmiðunarmánuði lýkur geta haft áhrif á vísitöluna þegar þeirra breytinga verður vart í launagögnum. Í hverjum útreiknimánuði eru síðustu tvær mælingar endurskoðaðar og þær ásamt mælingum á viðmiðunarmánuði mynda gildið sem gefið er út. Þar sem að tímanleiki launavísitölu er mikill er slík endurskoðun nauðsynleg vegna tafa í gagnaskilum og til að bregðast við hugsanlegum villum.

## 5. Aðgangur að upplýsingum

Hagstofa Íslands starfar eftir [grundvallarreglum um opinbera hagskýrslugerð](#) í ríkjum Sameinuðu þjóðanna, [meginreglum í hagskýrslugerð](#) á grundvelli Evrópureglugerðar nr. 223/2009, [lögum um Hagstofu Íslands nr. 163/2007](#) og [lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018](#) og [reglum Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna](#).

### 5.1 Miðlunarleiðir

Launavísitalan og aðrar tengdar vísitölur eru birtar mánaðarlega í samræmi við útgefna birtingaráætlun Hagstofu Íslands. Heildartala fyrir launavísitölu er birt mánaðarlega 20-24 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur. Upplýsingar um launavísitöluna eru aðgengilegar frá árinu 1989. Sundurliðun á launavísitölu er birt mánaðarlega 80-85 dögum eftir að

viðmiðunarmánuði lýkur. Eldri töflum með ársfjórðungslegri sundurliðun er einnig viðhaldið. Sjá hér: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/launavisitala/>

## **5.2 Grunn gögn; varðveisla og notkunarmöguleikar**

Grunn gögn sem launavísitala byggir á eru fyrst og fremst upplýsingar sem fengnar eru beint úr launakerfum fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Þau gögn innihalda upplýsingar um laun og launakostnað. Grunn gögn eru varðveitt í gagnasafni Hagstofunnar og eru trúnaðargögn.

## **5.3 Skýrslur**

Þann 16. ágúst 2018 gaf Hagstofa Íslands út [greinagerð um aðferðafræði launavísitölu](#) Hagstofu Íslands.

Þann 1. febrúar 2019 var birt [skýrsla með úttekt dr. Kim Zieschang](#) á launavísitölu Hagstofu Íslands.

## **5.4 Aðrar upplýsingar**

Nánari upplýsingar fást hjá starfsmönnum deildarinnar í síma 528-1250 eða á netfangið [laun@hagstofa.is](mailto:laun@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands 24-4-2019